Nr. 944 6. september 2012

# GJALDSKRÁ

**vegna skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Garðabæ.**

1. gr.

*Meginreglur.*

Gjaldskrá þessi tekur til kostnaðar vegna vinnu við útgáfu á framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna leyfisskyldra framkvæmda.

Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á viðkomandi svæði eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

*Afgreiðslugjald:* Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða henni synjað.

*Umsýslu- og auglýsingakostnaður:* Kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

*Breytingakostnaður:* Kostnaður sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

3. gr.

*Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.*

| | |
|---|---|
| Afgreiðslugjald | kr. 9.500 |
| Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga | kr. 130.000 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga | kr. 120.000 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga | kr. 60.000 |

4. gr.

*Kostnaður vegna deiliskipulags.*

| | | |
|---|---|---|
| 4.1 | Nýtt deiliskipulag | |
| | Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga | Samkvæmt reikningi |
| | Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga | kr. 120.000 |
| 4.2 | Verulegar breytingar á deiliskipulagi | |
| | Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga | Samkvæmt reikningi |
| | Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga | kr. 120.000 |
| 4.3 | Óverulegar breytingar á deiliskipulagi | |
| | Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga | Samkvæmt reikningi |
| | Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga | kr. 60.000 |

4.4 Vinna samkvæmt reikningi skal byggja á áætlun skipulagstjóra um umfang verkefnisins sem umsóknaraðili samþykkir. Reikningur verður síðan gerður í samræmi við raunverulegan kostnað en getur ekki verið hærri en fjárhæð samkvæmt samþykktri áætlun.

5. gr.

*Grenndarkynning.*

| | |
|---|---|
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna grenndarkynninga, sbr. 44. gr. skipulagslaga | kr. 30.000 |

6. gr.

*Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.*

| | | |
|---|---|---|
| Afgreiðslugjald | kr. | 9.500 |
| Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum | kr. | 110.000 |
| Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir | kr. | 65.000 |

7. gr.

*Breyting fjárhæða.*

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012 (112,3 stig) og skulu breytast 1. janúar hvert ár í samræmi við byggingarvísitölu.

8. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett og samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal öðlast gildi 1. janúar 2013.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 6. september 2012.

*Garðabæ, 6. september 2012.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2012